



GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Strandabyggð 2022

1. gr.

Gjaldskráin er sem hér greinir:

a. Árgjald

Sorpgjald á íbúðir í þéttbýli kr. 52.565

Sorpgjald á lögbyli og íbúðarhús í dreifbýli kr. 43.330

Sorpgjald vegna sumarhúsa kr. 26.280 enda geti notendur í dreifbýli losað sig við sorp á gámasvæði og flokkunarstöð sveitarfélagsins

b. Árgjald

Sorpgjald á hverja starfsstöð fyrirtækis:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu og sorpeyðingu frá þeim.

Flokkur 1 kr. 52.565

Flokkur 2 kr. 78.850

Flokkur 3 kr. 111.790

Flokkur 4 kr. 157.800

Flokkur 5 kr. 201.230

Flokkur 6 kr. 291.965

Flokkur 7 kr. 564.275

Flokkur 8 kr. 841.800

Flokkur 9 kr. 2.090.135

Flokkur 10 kr. 3.301.600

Flokkur 11 kr. 4.205.290

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka samkvæmt eðli og umfangi starfsemi þeirra.

2. gr.

Að lokinni álagningu skv. 1. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Strandabyggðar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Sveitarstjórn er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 14. desember 2021. Gjaldskráin er sett skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi, jafnframt fellur brott eldri gjaldskrá sama efnis.

Gjaldskrá gildir frá og með 1. janúar 2022.

Jón Gísli Jónsson Oddviti